

AUGLÝSING

**um staðfestingu vinnureglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstök
framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.**

Með vísan til a-liðar 1. mgr. 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 56/2025, staðfestir innviðaráðherra hér með vinnureglur um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 11. júní 2026.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.

Fylgiskjal.**VINNUREGLUR**
um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Umsókn um framlag.

Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. laga um nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og a-lið 1. gr. reglna nr. 756/2026 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skal byggja á umsókn viðkomandi sveitarfélaga. Umsókn sveitarfélaga skal fylgja ítarleg og sundurliðuð fjárhagsáætlun um áætlaðan kostnað.

2. gr.

Eðlilegur kostnaður.

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar skal taka mið af eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

1. Könnun á hagkvæmni sameiningar:

Nái sameiningartillaga til tveggja sveitarfélaga greiðast 13.550.000 kr.

Sé um fleiri en tvö sveitarfélög að ræða greiðast 3.350.000 kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.

2. Kynning á sameiningartillögu:

Fast framlag að fjárhæð 2.700.000 kr. greiðist fyrir hvert sveitarfélag sem sameiningartillagan nær til.

Til viðbótar greiðast 1.340 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.

3. Framkvæmd atkvæðagreiðslu:

Fast framlag að fjárhæð greiðist 550.000 kr. fyrir hvern þéttbýliskjarna sem sameiningartillagan nær til.

Til viðbótar greiðast 670 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að leggja til að vikið sé frá viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr. vegna einstakra umsagna ef ríkar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi að mati nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs vegna vinnu starfsmanna einstakra sveitarfélaga við upplýsingagjöf til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

3. gr.

Samþykkt umsóknar.

Jöfnunarsjóður getur samþykkt umsókn sveitarfélaga um framlag vegna undirbúnings sameiningar í heild sinni eða að hluta til. Samanlagt geta framlög skv. 2. gr. numið að hámarki að fjárhæð 67.200.000 kr. á sameiningartillögu.

4. gr.

Skilyrði framlags.

Við uppgjör verkefnisins gagnvart Jöfnunarsjóði skal áfallinn kostnaður sveitarfélaga vegna vinnu við undirbúning sameiningar staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

Framlag verður ekki greitt fyrr en fyrir liggur hjá sjóðnum staðfesting á áföllnum kostnaði vegna viðkomandi sameiningartillögu.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í a-lið 5. gr. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 56/2025, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um staðfestingu vinnureglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 869/2024.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2026